

Byggðaráð Dalvíkurbyggðar - 956 (24.9.2020) - Lántaka 2020 - lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga

Málsnúmer : 202007083

Málsaðili : Fjármála- og stjórnsýslusvið

Niðurstaða (stutt) : Samþykkt

Fundardagur : 24.09.2020

Inngangur : Á 952. fundi byggðaráðs þann 27. ágúst s.l. var sveitarstjóra og sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs falið að undirbúa lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga, allt að 115 m.kr. í samræmi við minnisblað og heildarviðauka II við fjárhagsáætlun 2020.

Sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs gerði grein fyrir meðfylgjandi drögum að lánsamningi við Lánasjóð sveitarfélaga að upphæð kr. 115 m.kr. til 14 ára með föstum verðtryggðum vöxtum.

Niðurstaða : Byggðaráð samþykkir samhljóða með 3 atkvæðum ofangreindan lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga og vísar honum til umfjöllunar og afgreiðslu sveitarstjórnar.